

Borgarbyggð
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 31. mars 2022
UST202203-306/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Litlu-Tunguskógur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 fyrir Litla-Tunguskóg.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að um 30 ha af frístundasvæði F128 verður skilgreint sem íbúðarsvæði og minnkar frístundasvæði F128 sem því nemur og verður eftir breytingu 68 ha. Nýtt íbúðarsvæði fær landnotkunarnúmerið Í13. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir 40 íbúðarhúsum á svæðinu, en 21 sumarhús er í byggingu í samræmi við deiliskipulag fyrir frístundabyggð frá árinu 2007.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nefnist Geitlandshraun sem fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruferja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.



UMHVERFIS

STOFNUN

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruminjarskrá

Í greinargerð kemur fram að jörðin Húsafell var skráð á náttúruminjasrá árið 1996. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvaða leiðir séu farnar til að rýra ekki verndargildi náttúruminja.

Birkiskógar

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er náttúrulegur birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju. Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.¹

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að fá álit Skógræktarinnar hvort birkiskógurinn á svæðinu falli undir ákvæði laganna. Umhverfisstofnun bendir á að ef Skógræktin lítur svo á að birkiskógurinn falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga þarf tillagan að taka tillit til ákvæða laganna.

Landsskipulagsstefna

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig hún samræmist landsskipulagsstefnu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplysinga>